



Bjarni Benediktsson, prentað efni

Bjarni Benediktsson – Skýrslur um nokkrar framkvæmdir ríkisins – Stúdentablaðið – Tímarit Verkfræðingafélags Ísland 1930 – Til Búnaðarþings – Aðalfundur Búnaðarfélags Íslands – Lögrjetta – Universität Berlin – Nýja stúdentablaðið – Mjölnir – Öldin – Pottlok Gallusar – Holger Mosbech – Skýrsla háskólakennara um veitingu prófessorsembættis í lagadeild – Háskólinn og veitingavaldið – Enn um Háskólann og veitingavaldið – Háskólinn og kennslumálaráðherrann – Þjóðarréttur I og II – Uppboð og undirboð

Einungis forsíður þessara rita eru sýndar hér

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Fjölskyldan
Askja 6-4

Til Búnaðarþings

1931



— 1. DESEMBER —



— 1. DESEMBER —







Hr. cand. jur.

Bjarni Benediktsson

Skólavst. 11 R.



Útgefandi:
Stúdentaráð Háskóla Íslands.

Hr. stud. jur.
Bjarni Benediktsson
Skólavst. 11. Rv.
Reykjavík. Ísland

STÚDENTABLAD

III

NORRÆNA

STÚDENTAMÓTIÐ

REYKJAVÍK

JÚNÍ -- JÚLÍ

1930



Landafundir vikinga. Rísmýnd eftir Ásmund Sveinsson.

verður til að

Gutte

Hr. stud. jur.
Bjarni Benediktsson
Skólavst. 11 Rv.





3. árg. — 2. tgl.
1. maí 1935

NYJA STUDENTABIAÐIÐ

GEFIÐ ÚT AF "FÉIAGI RÓTTÆKRA HÁSKÓLASTÚDENTA"

Björn Sigurðsson:

Andófið gegn háskólanum.

Allmikil hreyfing

hefir verið undanfarið meðal stúdentanna hér við háskólan í sambandi við mál eitt, sem fyrir þinginu lá og varðar háskólan og stúdentana miklu. Hér yrði of langt mál, enda ástæðulaust, að rekja sögu og einstök atriði frumvarpsins, en í aðaldráttum liggur málið þannig fyrir: Meiri hl. allsherjarnefndar Nd. Alþ. flytur frumvarp um, að setja á laggirnar rannsóknarstofnun í þágu atvinnuveganna við Háskóla Íslands, sem hafi á hendi rannsóknir í þágu hinna ýmsu atvinnuvega landsmanna. Í sambandi við þetta frumvarp er gefið í skyn, að hér sé á ferðinni atvinnudeild sú við háskólan, sem oft hefir verið rætt um að stofna þyrfti og hefir verið stúdentum hið mesta ábugamál, eins og eðlilegt er. Deild, eins og hún upphaflega var hugsuð, mundi stórlega auka gildi háskólangs sem menningarstofnunar og gefa stúdentum margfaldlega aukin tækifæri til menntunar.

Um skipulag stofnunar þeirrar, sem hið umgetnir frumvarp ræðir um, þarf ekki að fjölyrða. Nægilegt er að taka fram, að ekkert í fyrirkomulagi hennar minnir á þá skipun, er háskólastofnanir hafa. Við hana fer ekki fram nein stúdentakennsla og mál hennar heyra beint undir ríkisstjórnina, en þó undir aðra stjórnardeild en háskólinn. Nafni háskólangs er að vísu skeytt aftan við heiti stofnunarinnar, og á einum stað í frumvarpinu er svo kveðið á, að þegar atvinnumálaráðherra þóknist, geti hann í samráði við stofnunina látið byrja kennslu í þeim fræðum, er stofnunin fjallar um.

En þrátt fyrir að þetta er allt gersamlega í lausu lofti og ótryggt, er gert ráð fyrir, að háskólinn leggi fram ca. 100,000 kr. til að byggja yfir þetta ríkisfyrirtæki. Það fé, sem þarna er um að ræða, er ágóði af Happdrætti Háskólangs og átti eins og kunnugt er að fara til byggingsar yfir háskólan. Til þess að þetta fé fengist, þurfti

samþykki háskólaráðs

og það fékkst fyrir harðsnúinn atbeina rektors Alexand-

ers Jóhannessonar, sem þess vegna ber höfuðábyrgðina á þessu.

Hvað því getur valdið, að stórri upphæð af sé þessarar fátæku menntastofnunar er þannig kastað út í fullkomna óvissu, svo ekki sé kveðið fastar að orði, af sjálfum forráðamönnum stofnunarinnar, er kannske í fyrstu nokkuð torskilið.

Meðal manna hafa að vísu gengið ýmsar kvíksögur, sem að nokkru mundu skýra þessa framkomu pröffessoranna. En slíkt er of óáreiðanlegt til að hægt sé að hafa höndur á, jafnvel þótt pröffessorarnir hafi sjálfir staðfest þær að nokkru með ræðum sínum á almennum stúdentafundi 18. marz.

Hvort sem persónulegar ástæður og annað slíkt hafa vegið meira eða minna fyrir háskólaráði, þá liggur eflausst annað á bak við. Höfuðorsókin eru »hinir erfiðu tímar«, en svo heitir á kurteisu máli kreppan, hið almenna efnahagslega og menningarlega hrún okkar núverandi þjóðskipulags. Það er óhjákvæmilega að verða öllum mönnum ljóst, að kreppan, sem birtist í því, að utanríkisverzlinun er að ganga inn í algert hrún og með henni atvinnuvegir landsmanna, í því að fjárhagslegu sjálfstæði ríkisins er lokið o. s. frv. o. s. frv., hefir það óhjákvæmilega í för með sér, að hin áður frjálslynda ísl. borgarastétt er það ekki lengur hvað menningarmálin snertir og getur ekki verið það. Það eru þessir »erfiðu tímar«, þ. e. a. s. öngþveiti kapitalismans, sem á stúdentafundi 18. marz knýr fram þá játningu hjá Emil Jónssyni alþm., að íslenzkir atvinnuvegir hafi enga þörf fyrir sérfræðinga í greinum sínum svipað því sem yrði, ef hér yrði stofnuð atvinnudeild, sem útskrifaði fullmenntaða menn. Það eru þær ályktanir, sem stúdentarnir draga af þessum ummælum og fjölda mörgum öðrum slíkum og þekkingu sinni á ástandinu, sem eru orsök í, að gegn þessari gjöf til ríkisins rísa stúdentarnir allir sem einn maður. Raunar virðist sem pólitískt ofstæki út í núverandi stjórnarflokka hafi valdið miklu um hjá sumum.



2. árg. — 1. tbl.

14. marz 1934

NYJA STUDENTABIAÐIÐ

GEFIÐ ÚT AF "FÉLAGI RÓTTÆKRA HÁSKÓLASTÚDENTA"

Þorvaldur Þórarinsson:

Íslenzka burgeisastéttin og efling fassismans

Viðskiptakreppan hefir nú staðið rúm fjögur ár. Hún harðnar með hverjum deginum, sem liður, og skerpir svo mjög allar höfuðmótssetningar auðvaldsskipulagsins, að dagar þess eru nú þegar að verða taldir. Atvinnuleysi og neyð almennings eykst. Vaxandi byltingarsinnið baráttu verkalýðsins skapar þannig ástand, að hinrar gömlu þingræðisleiðir eru ekki aðeins ófullnægjandi til að kæfa frelsisbaráttu fjöldans, heldur eru þær nú beinlinis orðnar fjötur á burgeisastéttina í kúgunarherferð hennar á hendur öllum vinnandi lýði. Og þá afnemur burgeisastéttin þingræðið, hið borgaralega lýðræði, og gripur til fassismans.

Hvað er fassiminn?

Fassiminn er ekki nýtt þjóðskipulag, sem fært sé um að útrýma félagslegum mótssetningum auðvaldsskipulagsins. Hann er aðeins sérstakt drottununarform auðvaldsskipulagsins, sem nú hefir runnið sitt skeið á enda, dauðateygjur þess og síðasta átak, algjört og grímulaust alræði burgeisastéttarinnar, sem birtist í takmarkalausri kúgun á verkalýðnum og afnámi persónulegra réttinda. Tilgangur fassismans er sá einn, að kæfa byltingarsinnaða baráttu fjöldans i blóði og festa þannig auðvaldið i sessi, um stundarsakir, með auknu arðráni og enn meiri kúgun, en áður hefir þekkzt.

Fassiminn er því ekki vaxtarmerki á auðvaldsskipulaginu, heldur dauðamerki. Hann dregur ekki úr mótssetningum þess, heldur þvert á móti skerpir hann þær. Og þótt burgeisastéttinni geti, með aðstoð hans, tekizt að velta byrðum viðskiptakreppunnar yfir á herðar alþýðunnar, þá harðnar einmitt við það hin almenna kreppa auðvaldsskipulagsins sjálfs, því að aukin kúgun á verkalýðnum þrýstir honum fastar og fastar saman til byltingarsinnaðrar úrlitabaráttu, fyrir frelsi sín, falli auðvaldsskipulagsins.

Hér á landi hafa ýmsir þá skoðun, að fassiminn sé útlent fyrirbrigði, sem engan hljómgrunn finni meðal hinna lýðræðiselskandi Íslendinga og aldrei nái hér til lands. Þessi skoðun er alröng og argasta blekking. Fassiminn er ekki síður alþjóðlegt fyrirbrigði, en t. d.

auðmagnið. Hann er ekki staðbundinn í einu landi, fremur en önnur form af auðvaldsstjórn, t. d. þingræði. — Ef sú auðvaldsstjórn, sem nú situr að völdum, „á við“ hér á landi, þá get ég ekki séð því neitt til fyrirstöðu, að hreinn fassismi „eigi við“ hér. Fassisminn er nákvæmlega eins „þjóðlegur“ og íslenzka burgeisastéttin. Það er að segja, það er hætta á fassisma í hverju einasta landi, þar sem auðvaldið ræður ríkjum.

Nú er vitanlega eins ástatt um burgeisastéttina íslenzku, eins og burgeisastéttir fassistalandanna, að hún finnur dauðann nálgast. Henni er það sömuleiðis ljóst, að einungis með miskunnarlausri kúgun og arðráni getur henni tekizt, að lengja örliðið lífdaga sína. Fyrir því grípur hún feginn hendi til fassismans til verndar hagsmunum sínum og umbjóðanda síns, enska auðvaldsins, því fassiminn er, eins og áður er sagt, grímulaust alræði burgeisastéttarinnar, hámark kúgunar og villmennsku auðvaldsskipulagsins, til bjargar hagsmunum þeirra fáu auðjötna, sem nú „eiga“ og „stjórna“ ½ hlutum heimsins.

Þegar þessa er gætt, þarf meira en litið ósvífinn mann, til að halda því fram, að ekki sé hætta á fassisma hér á landi. Það væri sama og að segja, að íslenzka burgeisastéttin hefði engan hug á, að kúga og arðræna, eða neita því að íslenzku yfirstéttinni hafi tekizt að kúga og arðræna alþýðu þær nærfellt 11 aldir, sem hún hefir stjórnað landinu, i umboði erlendra þjóðhöfðingja og auðmannna. Nei, eins áreiðanlegt og þetta, er ekki síður hitt, að íslenzka burgeisastéttin kemur hér á hreinum fassisma innan skamms, ef verkalýðnum tekst ekki að hindra það með samtakamætti sinum.

Hver er afstaða íslenzku burgeisastéttarinnar nú, þegar burgeisastéttir annara landa grípa til fassismans? Hún hefir einnig gripið til hans, og nú fassiserast rikisvald hennar hröðum skrefum. Ríkislöggregla er stofnuð, til að berja á verkamönnum í kaupdeilum og vernda verfallsbrjóta. Verkamenn og foringjar þeirra bíða tugum saman dóms fyrir virkan þátt sinn í baráttunni fyrir bættum kjörum atvinnuleysingjanna í Reykjavík (9. nóv. 1932). Nokkrir af ötulustu foringjum verkalýðsins hafa nú nýlega, eftir kröfum Hitlers, Görings & Co., verið af réttvisinni (Magnúsi Guðmundssyni) ákærðir fyrir landráð, fyrir þær sakir einar, að hafa sýnt verkalýð Þýzkalands samúð sina, en ógnarstjórn Hitlers og blóðtákni hennar maklegan viðbjóð sinn og fyrirlitningu. Á síðasta



NÝJA STÚDENTABLAÐIÐ

GEFIÐ ÚT AF „FÉLAGI RÓTTÆKRA HÁSKÓLASTÚDENTA“

1. árg. — 3. tbl.
1. desember 1933

Úr íslenzku stúdentalífi

1.

Aldrei i sögu hins íslenzka háskóla mun hafa komið betur í ljós en á síðastliðnum vetri, hvaða andrúmsloft rikir innan veggja þeirrar virðulegu stofnunar.

Saga þeirra atburða, er þá urðu meðal stúdenta, hefir þegar verið rakin all-rækilega í Nýja stúdentablaðinu, mun því engin þörf á að geta þeirra í einstökum atriðum að þessu sinni.

Hinsvegar virðist ekki úr vegi, einmitt nú, að gera sér nokkra grein þeirra orsaka, er slikum atburðum valda, og þá um leið, hvert andlegt viðhorf íslenzkra háskólastúdenta yfirleitt muni vera.

Því verður naumast í móti mælt með gildum rökum, að félagslif allt innan háskólags hafi frá öndverðu verið nauðaómerkilegt og andlegir straumar og menningarmál átt formælendur fáa í hópi stúdenta.

Hvenær hafa íslenzkir stúdentar með sönnum áhuga og andlegu fjöri beitt sér fyrir mikilsvarðandi málefnum, er horft gátu til alþjóðar heilla og efldrar menningar íslenzkri þjóð?

Hvenær hafa íslenzkir stúdentar lagt borgaralega virðingu sína í hættu og hafizt handa sem hugsjónamenn gegn rangsleitninni, heimskunni, hleypidómunum og ofstækinu, er uppi vaða á öllum sviðum í voru litla þjóðfélagi?

Hvenær hafa þeir i félögum sinum og á fundum sínum treyst andlegan mátt sinn og rökfimi með því að brjóta til mergjar og gagnrýna menningarleg fyrirbæri nútímans á þann hátt, er akademiskum borgurum særir?

Því er fljótsvarað — það hafa þeir aldrei gert.

En hvernig má slikt verða um svo sannorna Germani og vér Íslendingar erum? Ekki verður því um kennt, að Gyðingar og annar ruslaralýður hafi blandað við oss blöði sínu og lamað andlegt þrek vort og göfgi. Annað hvort er, að mannfræðikenningar nazistanna þýzku hafa við hæpin rök að styðjast, eða að vér erum ættarskómm orðnir og verðskuldum eigi lengur að teljast til hins goðborна kyns.

Sennilegast er þó, að hvorttveggja sé rétt.

Ótvírað sönnun þess andlega hengilmænuháttar, sem einkennt hefir allt félagslif i æðstu menntastofnun landsins, er Stúdentablaðið svo nefnda.

Aldrei hefir það náð neinni útbreiðslu eða vinseldum meðal þjóðarinnar, aldrei lagt neitt af mörkum í menningarbaráttu og viðreisnarstarfi liðandi stundar, aldrei túlkað visindaleg eða heimspeikileg viðfangsefni nútímans, svo að þau yrði alþjóð auðskilin.

Það hefir löngum verið gumað af fróðleiksfýsn og þekkingarþrá íslenzkrar alþýðu, og sé það lof réttmætt, er syrgilegt til þess að vita, að málagn merkisbera menningarinnar í landinu, hefir að engu leyti að því stuðlað, að viðhalda og efla svo merkilega og göfuga eigind.

Háskólinn hafði þegar starfað nokkuð á annan áratug, er stúdentum hugkvæmdist að gefa út blað þetta, svo að ætla mætti, að ekki hefði skort efni né anda, þegar loks var hafizt handa með útgáfuna. Það skal heldur ekki vefengt, að ætlun stúdenta, er frumkvæði áttu að blaði þessu, hafi verið sú að láta nú til skarar skriða og sýna svart á hyitu, að þeir voru fyllilega nafnsins verðir. En þótt svo hafi verið, þá er vist, að allt fór á annan veg, þegar til kastanna kom, eins og stundum vill verða um stórar dáðir. Hvernig í ósköpunum var lika við öðru að búast! Í forspjalli fyrsta blaðs (1. des. 1924) er farið þeim orðum um hlutverk þess, er engum skyggnum manni fær dulizt, hvernig skilja beri og hvers megi af þeim vænta, er slika stefnuskrá hafa. Þar er hvorki meira né minna en gefið til kynna kinnroða- og blygðunarlaust og meira að segja með nokkrum myndugleik, að i blaðinu megi engar ákveðnar skoðanir fram koma, enginn hugur fylgja máli og öll menningarleg viðhorf og umbótabrölt séu því allsendis óviðkomandi, m. ö. o. allt, sem máli skiptir í mannlifinu, liggar fyrir utan þess verksvið, og sé aftur ályktað út frá því, verður niðurstaðan sú, að i rauninni varði það ekki um nokkurn skapaðan hlut milli himins og jarðar.

Þetta má nú kallast heldur en ekki objectiv afstaða til hlutanna! Þess má þó jafnframt geta, að raunar er íslenzkum stúdentum margt betur gefið en objectivitet (hlutlægni).

Synd væri þó að segja, að Stúdentablaðið hafi ekki vel og dyggilega efnt sín fögru losorð, því að allt til þessa dags hefir það aldrei sagt neitt, er verulegu máli skiptir. Kunnugur maður, er um eitt skeið var ritstjóri þess, hefir tjáð þeim, er þessar línur ritar, að i sinni ritstjórnartíð hafi stúdentar verið mjög tómlátir um ritstörfin og ekkert þótzt hafa um að skrifa.

Framh. á bls. 10.



NÝJA STÚDENTABLAÐIÐ

1. árg. — 2. tbl.
— 13. maí 1933 —

GEFIÐ ÚT AF „FÉLAGI RÓTTÆKRA HÁSKÓLASTÚDENTA“

Fassisminn

Stundarsigur fassismans í Þýzkalandi hefir nú haft þau áhrif, að flokkur manna hefir risið upp hér heima og tekið að boða stefnu Hitlers og Mussolinis. Starfsemi þessara manna er að vísu ekki í því fólgin að skýra fassismann og sýna á þann hátt fram á ágæti hans — nei — hún fer fram með illyrtum skömmum á aðra flokka og þá fyrst og fremst „marxistana“.

Hvert er hið „positiva“ innihald fassismans?

„Forráðamenn“ hreyfingarinnar hér heima virðast helzt sækja „fræðilegu rökin“ fyrir tilveru sinni til nazismans þýzka. Það virðist því helzt fyrir að leita í skrifum þýzku nazistanna, til þess að fræðast um, hvaða rök fassisminn faerir fyrir tilveru sinni.

Hvað er það þá, sem hefir vakið traust sliks fjölda manna á fassismanum, sem raun er á orðin þar úti? Hvert er programm þýzku nazistanna? Við lestur þess og annara fassistiska bókmennata fæst hér um bil þessi hugmynd um stefnuna.

Þeir ætla fyrst og fremst að slá niður marxistana og stórkapitalistana. Tákn fjendanna eru Moskva — Wall Street.

Það, sem stendur heiminum fyrir þrifum, er hinn alþjóðlegi hugsunarháttur, hið alþjóðlega auðmagn, hin alþjóðlega, objektiva visindastarfsemi og náttúrlega hinn alþjóðlegi marxismi. Sem fulltrúar hins alþjóðlega auðmagns eru skoðaðir kaupsýslumenn af gyðingaætt, „die Börsenjuden“, og móti þeim persónulega snýst sú agitation, sem fassistarnir telja sig beina gegn kapitalismum. Pessi baráttu er þannig alls ekki róttæk. Hún nær ekki til orsaka þess, sem aflaga fer.

Flokkur Hitlers snýr fyrst og fremst máli sínu til millistéttanna. Loforð Hitlers um framtíðarrikið eru þar af leiðandi samantindir draumar og óskir smáborgarans.

Skuldugum smáborgurum kemur vel að heyra talað um uppgjöf skulda. Þess vegna hefir Hitler lofað þeim því í programmi sínu.

Bankaauðmagnið, stórkapitalistarnir þjaka skuldugar millistéttirnar með vöxtum, sem svipta þær tekjum sín um jafnótt og þær myndast og velta smáborgurunum síðan í hrönum niður til öreiganna. Þess vegna er fassisminn tálvun smáborgarans í orði kveðnu á móti stór-

kapitalistum og vaxtaþrælkun, en vill þó viðhalda einkaignarrétti á framleiðslutækjum sem öðru.

Að útiloka vaxtatöku meðan hægt er að leggja fé sitt i fyrirtæki og fá þar arð af því, er auðvitað alveg óhugsandi, enda hefir Hitler sennilega aldrei meint þetta alvarlega. Að minnsta kosti hefir hann ekkert reynt í þessa átt, síðan hann komst til valda.

En það er einmitt svona, sem skuldugan smáborgara dreymir. Þess vegna hefir Hitler sett þetta í programm sitt.

Úrslit styrjaldarinnar síðustu höfðu slik ógnaráhrif á líf allrar alþýðu í Þýzkalandi, að allt, sem einhver stjórnálflokkur lofar að gera, til þess að bæta úr verkunum striðsins, hlýtur að falla í góðan jarðveg hjá öllum almennungi. Þetta hefir Hitler skilið. Eitt af stóru málum um á stefnuskrá hans er þess vegna að fá eyðilagða friðarskilmálana frá Versailles og St. Germain. Um þetta eru þýzku nazistarnir búinir að segja mörg orð og stór, og þau er viða hægt að lesa. Rökin fyrir því, að þetta geti tekist, eins og Hitler er búinn að lofa, eru vandfundnari í nazistiskum skrifum.

En sem sé, þarna er leið til þess að „slá sér upp“ við þýzka alþýðu. Þess vegna hefir Hitler sett þetta í programm sitt.

Pegar svo er bætt við nokkrum sannfærandi orðum um ágæti og drottunaráhæfileika hins norræna kyns, ásamt tilsvarandi ókvæðisorðum um hina júðsku ætt, ýmsum háfleygum upphrópunum, sem svifa milli himins og jarðar og koma hvergi nálægt veruleikanum, þá vitum við, hvað fassismi er.

Sé þess gætt, að millistéttirnar, handiðnarmenn og smábændur, hafa runnið á enda sitt skeið í þróunarsögu þjóðfélagsins og vikið saeti fyrir stórekstri og samsöfnun auðmagnsins — fyrir kapitalisma, þá hlýtur að mega draga þá ályktun, að loforð um að snúa þjóðfélagsþróun við, eigi sér enga stoð í veruleikanum, sé algerlega út i hött.

Til þess að hægt sé að bæta úr því, sem aflaga fer, þarf ekki einasta að sjá, hvað að er, heldur einnig, hvernig stendur á göllunum. Í sínum 25 greinum hafa fassistarnir tint saman ýmis samhengislaus atriði, sem allar stéttir þjóðfélagsins, nema „Börsenjuden“, geta fundið í eitthvað fyrir sig. Pessar greinar eru algerlega samhengislausar. Bak við þær sést alls ekki skína í neitt skipulag. Þær eru ekki fundnar út með aðstoð þeirra lögmála, sem gilda um þróun þjóðfélagsins, þær eru augsýnilega búnar til



NÝJA STÚDENTABLAÐIÐ

GEFIÐ ÚT AF NOKKRUM HÁSKÓLASTÚDENTUM

1. árg. — 1. tbl.
— 20. apríl 1933 —

Að upphafi

Um leið og „Nýja stúdentablaðið“ hefur göngu sina, þykir hlýða, að gera nokkra grein fyrir þeim vilja og þeim lifsskoðunum, er hafa hvatt oss, nokkra háskólastudenta, til starfa.

Mismunandi lifsviðhorf skipa mönnum til verka jafnan fyrir málstað. Milli þessa óliku viðhorfa hlýtur baráttu að verða háð, leynt og ljóst, um lausn þeirra sérstæðu viðfangsefna, er þyngst þjá hvert tímabil. Til eru alltaf þeir, er hvorki eiga þá fagnandi trú né þann reifa hug, sem brautargengi veita á nýjum leiðum til nýrra vinnubragða. Til eru alltaf þeir, sem helzt vilja þjóna lifinu og heiðra minningu feðra sinna, með því að drýgja sömu mistökin undir breyttu nafni. Og silt er skortur þeirra, sem ekki vilja sjá, skilja né heyra af ótta við ráðningu hinnar dulræðu gátu komandi daga.

Vér viljum ekki hafa samflot né sálufélag við þá menn í leit að leiðum. Vér trúum hvorki á „leit“ þeirra né vinnubrögð. Vér höfnum ekki gömlum vegum fyrir það eitt, að þeir eru áður troðnir, og eigi viðurteknum miðum fyrir það eitt, að þau eru viðurtekin.

En vér litum svo á, að mið þau, sem nú er tiðfarnazt á, séu þegar rýr orðin og senn eydd. Eigi viljum vér sætta oss við sókn þangað. Eigi sækja afla vorn til eyddra auðlinda. Vér kjósum heldur um hrið að léfta akkerum og leita nýrra miða, sem sumir af oss þegar þykjast vita, hvar liggja muni. En allir höfum vér þá sannfæringu, að auðugri mið séu einhversstaðar finnanleg um hinn viða sjá.

Vér litum svo á, að mörg séu þau viðfangsefni og vandamál hvers timabils, sem eigi sé unnt að skorast undan að leysa. Það tímabil, sem er og verður starfstimi vor, sem nú stundum nám, virðist og að þessu leyti með fádaemum fjölskrúðugt.

Eigi er erfitt að finna viða, hvar skortir rétta afstöðu og happasael vinnubrögð. En hitt er og vist að viða hyllir þegar undir batandi breytingar, ef næðu fram að ganga.

Frumskilyrði þess, að geta orðið liðsmaður batnandi tima, skoðum vér alefling þeirrar viðleitni að skilja verðandi viðburði, afneitun óttans gegn þeiri nýsköpun, er koma kynni, og fúsleika til fylgis og fórnar í þágu þeirrar verðandi, sem er borin fram af myndugleik hinnar óhjákvæmilegu þróunar. Þrjózkan gegn þeiri

þróun er hin eina höfuðsynd, hversu prúðbúin sem hún kann til leiks að ganga.

Vér erum einhuga andstæðingar þessarar þrjózku, hvernig svo sem hún birtist. Og hvar sem vér til náum, gerumst vér mótherjar hennar og leitumst við að afhjúpa hana og skipa henni þann sess, sem henni ber, að lögum þeirrar þróunar, er hún spyrnir gegn. Vér ætlum oss eigi þá dul, að vér á nokkurn hátt getum lokað oss fyrir hinum raunverulega vanda og vafa þeirrar tvísýnu menningar, sem oss er í arf fengin. Frá vorri hálfu er því fyllilega treyst, að eigi séum vér endanlega ofurseldir því boli og því öngþveiti, er þar biða úrlausnar.

Oss fýsir ekki að stíga upp í bæjarsundin í hóp nátttröllanna, þau hafa þegar seitt of marga úr hópi hinna yngri til sinnar skjólgóðu og jarðgrónu tilveru, þar sem bæjarburstir heita fjöll. Þessu forystuliði er ekki lengur treyst, og öllu lengur fær það ekki villt á sér heimildir.

Vér viljum samvinnu við alla þá, sem starfa í anda hins nýja tíma og í þágu hans.

Vér vitum vel, að á vettvangi háskólans eru fjölmargir jafnfúsir til þessa starfs sem vér og finna jafnmikla þörf til þess að hefja félagslega samhæfni með einurð og frjálshuga. Öllum þeim vill „Nýja stúdentablaðið“ heilsa og bjóða félag sitt.

Vér höfum sterka óbeit á þeirri stúdentaiheldni, sem á naumast önnur igangsklæði en tömlátasta tömlæti og ömurlegasta ofstopa.

Gott er að eiga leik við þá móttöðumenn, sem unnt er að bera virðingu fyrir, en sumir skapa sér með at-höfnum sinum álit, sem jafnvel er óþægilegt að hafa á andstæðingum sinum.

Vér viljum ekki láta slikar aðstæður hneckja frjálslyndum og róttækum skoðunum, á hvaða sviði menningar sem vera kann.

Vér viljum ekki láta brjóta á oss lög né ganga á rétt vorn.


Peim, er það hafa gert, unnum vér ekki lengur yfirráðanna yfir blaðakosti og félagsstarfi háskólastudenta allra.

Vér þökkum þeim fyrri samvinnu og forna daga og göngum svo til eigin starfa.

MJÓLNIR



BLAÐ ÞJÓÐERNISSINNAR STUDENTA



BLAÐ ÞJÓÐERNISSINNARÐRA STÚDENTA



Íslensk Jöld

BLAD PJÓDERNISSINNADRA STÚDENTA

II. ÁRG.

REYKJAVÍK, JÚNÍ 1935


6. TBL.

„Pristirnið“.


Þeir menn í háskólaráði, sem þrjózkulegast hafa þverskallazt við kröfum unnenda háskólans og að lokum borið sigur úr býtum, eru þeir Alexander Jóhannesson, Águst H. Bjarnason og Guðmundur Thoroddsen.

Pessir menn mynda meirihluta háskólaráðs.

Pessir menn hafa af ótta við hina ríkjandi marxistísku stjórn




Próf. dr. phil.
Alexander
Jóhannesson.



Próf. dr. phil. Águst H. Bjarnason.

látioð hræða sig til að fallast á samninga, sem eru í alla staði óhagstæðir háskólanum, og þetta hafa þeir gert þrátt fyrir megna andstöðu allra stúdenta og fjölda prófessora.

Pess vegna birtum vér myndir af þessum mönnum, til varnaðar þeim, sem næst taka við völdum í háskólanum.



Próf. med. Guðm. Thoroddsen.

MJÖLNIR


STÚDENTABLAÐ

II. ÁR 1935

RITSTJÓRN:

Baldur Johnsen stud. med. Brynjólfur Dagsson stud. med., Jón Sigurðsson stud. jur.
Ragnar Sigurðsson stud. med., Stefán Pálsson stud. med.

ÁBYRGÐARMAÐUR: Guttormur Erlendsson stud. jur.



REYKJAVÍK 1935

PRENTSMIÐJA JÓNS HELGASONAR (1.—6. tbl.). STEINDÓRSPRENT H.F. (7.—9. tbl.).

APRÍL — MAÍ 1935



Óðraður

BLAÐ PJÓÐERNISSINNAÐRA STÚDENTA

EFNI:

Atvinnudeildin — Síðustu aðgerðir.

*Björgvin Vigfússon: Skipulagsbundið
pjóðaruppeldi.*

Birgir Einarsson: Fiðlan hlær, kvæði.

Jón Adils: Hvers vegna myrðið þið hann?

*Hans Winberg: Nationalsocialisminn í
Svíþjóð.*

Stúdentafréttir, myndir o. fl.

I. maí

1935



Mjöloir

BLAÐ PJÓÐERNISSINNAÐRA STÚDENTA

II. ÁRG.

REYKJAVÍK, MARZ 1935.

3. TBL

Fjörráðin við Háskólan.


Meirihluti háskólaráðsins, dr. Alexander Jóhannesson, Ágúst H. Bjarnason og Guðm. Thoroddsen, hefur drýgt það svívirðingarverk að ráðstafa nokkrum hluta af fé því, er Háskóla Íslands ber af tekjum happdrættisins, til ríkisins fyrir makk við hina illræmdu og landsfrægu nefndarómynd, sem í daglegu tali er nefnd Rauðka. — Enginn veit enn, hve miklu fé háskólinn tapar á þessu, en í bezta tilfelli missir hann 100.000 krónur af því fé, sem ætlað var til háskólabyggingar.

Allir prófessorarnir við norrænudeildina eiga að fá kr. 2000 í ritlaun, það eru beinin, sem þessir menn eiga að naga í framtíðinni. Háskólinn á að kosta bygginguna fyrir ríkissjóð af fé happdrættisins. — Það fór að vonum, að nú væri tekið aftur, sem áður var gefið. Eftir er að vita, hvort landsmenn verða eins fúsir til að spila í happdrættinu og áður. Fjölmennur fundur háskólastúdenta hefur mótmælt þessu athæfi, og krefst þess að fá fullkomna atvinnudeild án þess að háskólinn kosti hana. Það er sorglegt, en því miður algengt, að menn selji sig, en sjaldgæfara, að þeir geri það á kostnað þeirrar stofnunar, sem þeir vinna fyrir.

Stúdentar standa sameinaðir í þessu máli, og skora á alla menntamenn í landinu að veita sér liðveizlu.

Öllum stúdentum mun þykja fyrir því, ef grípa verður til örþrifaráða, en munu þó ekki hika við það, ef nauðsyn krefur.

JANÚAR — FEBRÚAR 1935.



QJÓÐ

BLAÐ PJÓÐERNISSINNAÐRA STÚDENTA

EFNI:

Dr. phil. Einar Ól. Sveinsson: *Erasmus Montanus og Pétur djákni.*

Helgi S. Jónsson: *Flokkur pjóðernissinna ársgamall. Mjölnir, kvæði eftir Krumma.*

Próf. dr. polit. K. A. Wieth-Knudsen: *Gæzla réttar eða óréttar?*

Freysteinn Gunnarsson: *Gárdssöngur stúdenta.*

Brynjólfur Dagsson: *Sögnin um Atlantis.*

Ræktarsemin við Háskóla Íslands.

Prófessor Ólafur Lárusson fimmugur.

Stúdentafréttir, myndir o. fl.






Stúdentagarðurinn.

Strax við stofnun Háskóla Íslands 1911, og þó sérstaklega eftir að íslenzkum stúdentum höfðu verið afsöluð réttindi til Gardðsvistar við háskólanum í Kaupmannahöfn 1918, fóru að heyrast raddir um nauðsyn þess, að hér á landi yrði reistur stúdentagarður, sem væri í senn holtt og gott heimkynni stúdenta og vígi veigamikils stúdentalífs.

manna nefnd, skipuð eldri og yngri stúdentum, er falin fjársöfnun til byggingar stúdentagarðsins. Fékk nefndin leyfi þáverandi ríkisstjórnar til útgáfu 100 000 happdrættismiða. Sala þeirra hófst 1. des 1922. Var þá jafnframt ákvæði, að stúdentar gengjast framvegis fyrir hátiðahöldum þann dag til minningar um fullveldi Íslands — og ágóða fyrir stúdentagarðinn. Hefur sú ákvörðun verið haldin og gefið drjúgan skilding í stúdentagarðssjóð. Einnig má hér drepa á fleiri tekjulindir, svo sem Íslendingabók, þar sem hverjum



En — allar framfarir kosta baráttu. Öll baráttu fyrir framkvæmd sérvverrar hugsjónar kostar fornir.

Forsaga stúdentagarðsins er saga ósleitilegra baráttu og mikilla fórná.

Og um leið og þessu fyrsta stórmáli stúdenta víkur heilu í höfn, þykir rétt að skygglast aftur í timann og rifja upp í fám orðum sögu þess.

Fjársöfnunin.

Fram til ársins 1922 eru menn að tala í sig kjarkinn til framkvæmda. Haustið 1922 tekur stúdentaráðið forustuna í málínu. Hefur það jafnan haft hana síðan, beinlínis cða óbeinlínis.

Fyrsta skrefið til framkvæmda er það, að sex

Íslending er heimilt að rita nafn sitt gegn ákvæðnu gjaldi, happdrættið árið 1930, bókaútgáfu o. m. fl., sem of langt yrði hér upp að telja.

Drágst hefur þó reynzt sú ákvörðun stúdentaráðs, að hver sá, sem legði fram kr. 5 þús. í stúdentagarðssjóð, mætti ráða nafni eins herbergis í Garðinum og segja fyrir um, hver skyldi hafa forgangsrétt til vistarveru í því. Hafa all-mög sýslu- og bæjarfélög þegar tryggt sér herbergi í Garðinum með þessu móti. Ýms félög og einstaklingar hafa og aflað sér bessara réttinda með 5000 kr. gjöf til Garðsins. Þá hafa færeyskir stúdentar gefið eitt herbergi. Stórgjöfulastur var Thor Jensen og kona hans, sem gáfu kr. 10 þús. — tvö herbergi.



Mjólfir

BLAD PJÓÐERNISSINNAÐRA STÚDENTA

I. ARG.

REYKJAVÍK, MAÍ 1934.

3. TBL.

1. maí.

Mottó:

En þeir fólar, sem frelsi vort svíkja og flýja í lið með niðinga-fans, sem af útlendum upphefð sér sníkja, eru svivirða og pest föðurlands! Bölví þeim aettjörð a deyjanda degi, daprasta formæling ýli þeim strá, en brimrót, fossar, fjöllin há veiti frið stundarlangan þeim eigi.

Jón Ólafsson.

Sumarið er komið. Enn birtir í lofti eftir skammdegisnæturnar. Hugirnir beinast eftirvætingarfullir til sumarsins, sem er tími starfa og athafna, undirbúningstími, sem nota verður til að afla vista til næsta skammdegis.

Það væri ekki nema eðlilegt, að þjóðin fagnaði komu sumarsins með hátiðahöldum um gjörvallt land. Enginn mætti þar sitja óvirkur hjá, allir yrðu að fagna þeirri árstíð, sem sker úr um líf eða dauða þjóðarinnar, allir Íslendingar yrðu að sameinast í þeirri von, þeirri ósk, þeirri hugsjón, að gera Íslandi sumarið gleðilegt. Þá þarf ekki að efast, að mörgum yrði róðurinn, baráttan fyrir lifinu léttari.

Engan þarf að undra, þótt hinum seinheppnu, sofandi forráðamönnum þessarar þjóðar hafi eigi komið þetta til hugar. Peirra starf og hugsjón er ekki að sameina þjóðina um úrlausn vandamálanna, til að berjast í sameiningu og bróðerni fyrir tilveru hennar sem heildar. Peirra hugsjón og markmið virðist vera að tvístra henni og gera hana þannig veika og máttlausa, svo að móþyrinn verði henni að aldurtíla.

Hér á landi starfa menn, sem þykjast geta bjarg-að þjóðinni úr ógöngunum með kollvörpun alls þess, sem þjóðlegt er og til framfara miðar. En einmitt með þessari stefnu sinni viðurkenna þeir vanmátt sinn til að leysa úr vandamálunum. Af þessari ástæðu einni saman hafa þeir því alls engan rétt til að starfa meðal þjóðarinnar, auk þess sem til

greina kemur landráðastarfsemi þeirra, og verður nánar vikið að henni síðar í þessari grein. Pessir menn gangast hér fyrir hátiðahöldum í sumarbyrjun.

Pessi hátiðahöld fara samt ekki fram til að fagna komu sumarsins, þau fara ekki fram til að sameina þjóðina til að standast áföllin, þau fara fram til þess að skerpa andstæðurnar og auka vandræðin, þau fara fram til að fagna alþjóðlegri útbreiðslu blóðfána rússnesku verkalyðsniðinganna, til að fagna sundrung og vandræðum aettjarðarinnar, þau fara fram til að hlakka yfir rotnandi hræi hrynjandi föðurlands.

Til þessara hátiðahalda er 1. maí valinn.

Marxistískir föðurlandssvikarar, styrktir af fé, sem Gyðingarnir rússnesku sjúga úr sveltandi verkalyðnum, draga þann dag rauða fánann við hún. Og þeir láta sér ekki nægja það. Peir safna saman mönnum, sem af óánægju með ríkjandi skipulag, sem af skammsýni og óviturlegri stjórnum valdhafanna eru villtir í því pólitiska gjörningaveðri, sem þingræðið óhjákvæmilega mun alltaf valda, og fylkja liði undir rússneska þjóðfánann. Síðan er gengið um götur borga, bæja og þorpa í fylkingum, sem syngja við raust þjóðsönginn rússneska. Við og við er numið staðar, og þá halda hræfuglar íslenzku þjóðarinnar, forsprakkar marxista, ræður fyrir minni þessarar stefnu, marxismans, sem engu eirir og öllu eyðir. En í kring standa valdhafarnir íslenzku og hafast ekki að.

Finnst mönnum hann boða heill landi og lýð, þessi fyrsti boðberi íslenzka sumarsins?

Og hvert er svo markmið þessara marxistísku skrípaláta?

Menn þurfa ekki lengi að lítu í kringum sig; til þess að ganga úr skugga um, hvað það er. Það er að sljóvga smátt og smátt meðvitund þjóðarinnar á nauðsyn og réttmæti sjálfstæðs og fullvalda Íslands, til þess svo að lokum að svíkja það undir yfirstjórn ráðstjórnarríkjanna rússnesku. Með þetta sem markmið fá kommúnistar fé til starfsemi sinnar frá Rússlandi. Og hviki þeir eitt

ÓYRIN

I. 5.-6.

Efni:

Jóh. Hafstein: Glunten.

Óskar Bergsson: Bækur og gagnrýni.

Vorið er komið — — (kvæði).

Út supra (sönglag).

Hallgr. Helgason: Tónlistarviðhorf.

Tónlistin og kirkjan.



Pappírvörur



Ritföng

Melrose's
Tea

MELROSE
GJÖRÐI TE
AÐ ÐJÓÐAR-
DRYKK ENG-
LENDINGA.

GUÐIN

I.

4.

Elni:

Guðm. Finnbogason: Minni Íslands (1. des. ræða).

Gunnar Thoroddson: Atvinnuhorfur ungra lögfræðinga.

Kristján Guðlaugsson: Það vorar (kvæði).

Dr. Jón Gislason: Horatius 2000 ára.

Jóhann Hafstein: Hvað er á dagskrá?

Málaflutningsmaðurinn, eftir Ö. Ahnfelt-Rönne.

Rannsóknir á hag danskra stúdenta.



Stúdentar!

Allir að líftryggja sig í

ANDVÓKU.



Það mun reynast yður best

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

polyfoto

Laugaveg 3

er eina polyfotomyndastofan í Reykjavík.

Einkaréttur: J. Kaldal.

POLYFOTO hefir gert byltingu á sviði „Portræt“-myndagerðarinnar.

POLYFOTO er eina myndatökuaðferðin hér, sem getur tekið áframhaldandi svipbrigði, líkt og þegar kvikmyndað er. Þess vegna verða polyfotomyndirnar eðlilegar og óþvingaðar.

Kaldal.

ÓL'DIN



I.

2.

Elni;

Atvinnudeildin.

Einar Ól. Sveinsson, dr. phil.:

Háspenna! Lífshætta! Nokk-
ur orð um djarflegar bók-
menntir.

Jón Stefánsson, listmálarí: Nokkur orð um myndlist.

Jakob Hafstein: Við eldinn.

Frá stúdentum.

ÞÉR TRYGGIÐ
yður fjárhagslegt
sjálfstæði með því
að liftryggja yður
hjá

SVEA

sem veitir yður hagkvæm-
ustu liftryggingarkjörin.

Aðalumboð fyrir Ísland:

C. A. BROBERG
Lækjart. 1. Sími 3123
REYKJAVÍK.

Skóluð.
Reykjavíkur

Aðalstræti 8
Sími 3775

Fjölbreytt úrval af alis-
konar skófatnaði, sem
keyptur er inn frá beztu
verksmiðjum.

Verð og gæði stand-
ast því allan saman-
burð.

VIÐIN

I.

1.

Elni:

Einar Ásmundsson:

Löggjöf og lögfræðingar.

Fontenay, sendiherra Dana:

Ræða við vígslu Garðs.

Guðm. Hannesson, prófessor: Háskólalóðin og umferðagatan.


Kristján Guðlaugsson: Ljóðið um Jón.

Lárus Sigurbjörnsson: Reykvískir leikarar.

Bókasafn á Garði.

Ólafur Lárusson prófessor fimmugur.

Íslenzkir stúdentar við nám erlendis.



PÉR TRYGGIÐ
yður fjárhagslegt
sjálfstæði með því
ao líftryggja yður
***** hjá

SVEA

sem veitir yður hagkvæm-
ustu Einkajolosf Bjarna Benediktssona

Aðalumboð fyrir Ísland:

A. C. BROBERG

Lækjart. 1. Sími 3123

REYKJAVÍK.

SHEAFFER'S

lifetime lindarpennar
eru tvímælalaust bestu
peunarnir sem til eru á
heimsmarkaðinum. Kaup-
ið því aðeins það bezta.

Fast Bonde Téhakubáðan í Reykjavík



1.

POTILOK

GALLUSAR

KAFLAR ÚR RÆÐU

fluttri í F.U.F. (Fjelagi ungra fimbulfambara)

af einum agalegum húfulegáta.

I. SÖGUDRÖG.

I síðustu utanför minni ferðaðist jeg, eins og ykkur á auðvitað öllum að vera kunnugt, um geysimörg lönd, og þar á meðal náttúrlega um Þýskaland.

Ferðinni þangað var meðal annars heitið til þess að kynna mjer húfumál. Þar kyntist jeg fjölda húfumanna, þar á meðal Bismarck - nei, það var í þeirri næst-næst-síðustu - nú, það var Hindenburg. Þegar hann vissi hver jeg var og erindi mitt, tók hann mjer auðvitað með kostum og kynjum, gaf mjer nóg kaffi og vindla, og ræddum við um heima og geyma. Þar á meðal barst talið að Islandi. "Þið eruð eins og Hottentottar, Íslendingar", segir hann, "Þið sendið ykkar færustu menn út um allar trissur, til þess að kynnast því nýtilegasta með öðrum þjóðum og færa heim".

Mjer þótti gott lofið og þakkaði.

Síðan gengum við út að lita á herinn. Tók jeg þá strax eftir því að þar voru allir í einkennisbúningi. Fann jeg þá sárt til þess, að jeg skyldi ekki vera auökendur frá öðrum mönnum, þar sem jeg kom þarna fram fyrir hönd þjóðar minnar, og tárðist. Það sá Hindenburg.

"Beríð þið Íslendingar ekki einkennisbúning?" spyr hann.

"Nein", segi jeg á háþýsku, því hana tala jeg eins og innfæddur.

"Wie, was! Was höre ich? Nicht? Wahrhaftig nicht?", segir hann, "So behüte Sie Gott". Síðan kvaddi jeg

hann í fússi, og flýtti mjer heim.

Upp frá þeirri stundu ákvæð jeg að helga líf mitt og krafta húfumál um eingöngu, og hætta ekki fyr en jeg hefði fært alla Íslendinga í einkennisbúning.

Þegar jeg kom heim rak jeg strax augun í það, að ýmsar lægri stjettir þjóðfjelagsins höfðu begar byrjað, svo sem Hjálpræðisher, lögregla, verslunarmann og sportidiótar, síslumenn og sjóarar. En það bötti mjer mikil hneisa, að nemendur hins göfuga Mentskóla skyldu engar húfur hafa.

Átti jeg því tal við ýmsa merka menn um málið, svo sem hinn heimskunna skólamann Jón adjunkt Ófeigsson og Harald skólaskörung Bjarnason, sem glóir allur af siðbótaáhuga. Þeir tóku þegar að berjaðst fyrir málinu í ræðu og riti, og skrifa skammagreinar í Morgunblaðið, hverja annari svæsnari. Er nú málið svo vel á veg komið, að vist er, að það kemst fram á næstunni. Þetta er nú sögulega hliðin.

II. GREINARGERÐ

um sjálfan mig o. fl.

Þegar jeg kom úr veröldinni var jeg ekki lengi að reka augun í "plebeiafraginn" og hið andlega myrkur, sem grúfir yfir þessum skóla". Duldist mjer ekki að skjótra úrræða þurfti til þess að kippa þessu í lag. Hjer þarf sannarlega eldfjall að gjósa.

TÍMARIT

VERKFRÆÐINGAFÉLAGS ÍSLANDS

GEFIÐ ÚT AF STJÓRN FÉLAGSINS

15. ÁRGANGUR

1930

5. HEFTI


EFNISYFIRLIT:

K. Zimsen: N. C. Monberg	bls. 57	Verzeichnis der wichtigsten im Jahre 1929 auf	
Ólafur Danielsson: Tungumálafarganið	— 58	Island ausgeführten Ingenieurbauten	bls. 61
Yfirlit yfir helztu mannvirki á Íslandi 1929	— 60	Th. K.: Fra Alþingi 1930	63
		Ýmislegt	64

H. Benediktsson & Co.
Reykjavík
Símnæfni Geysir. Pósthólf 1018. Sími 8 (3 línum)

Höfum einkasölu fyrir Ísland á

Cementi frá



Birgðir ávalt
fyrilliggjandi.

Einnig höfum við
bestu sambond í öllum byggingarefnum, svo sem:

Þakjární,
Þakpappa,
Þaksaum,
Stangajární,
Korki
o. fl.

Paul Smith, Reykjavík

Símar: skrifstofan 1320, heima 320.

Allskonar raftæki og efni.

Aðalumboðsmaður á Íslandi fyrir:

Siemens-Schuckertwerke, Berlín, rafmagnsvjelar og tæki, Stöðvar af öllum staerðum o. fl. Protostækin.
Aktiebolaget Atlas Diesel, Stockholm, Diesel land- og skipavjelar, 20 ára reynsla hjer á landi.
A/B. Karlstad Mek. Verkstaden i Kristinehamn, Túrbinur.
Skandinavisk Trærör A/S., Oslo. Trjepipur fyrir túrbinur, vatnsleiðslur, áveitir.
Hellessens Enke & V. Ludvigsen A/S., Khöfn. Hellesen rafvakar.
Osram ljóskúlur.
Hermsdorf-Schomburg Isolatoren G. m. b. H. einangrarar.
Norsk Sprængstofindustri. Oslo. Dynamit og tilheyrandi.

LÓGRJETTA

XXVII. ÁRG.

1 9 3 2

I. 4.—5. HEFTI

Um víða veröld

Eftir Vilhj. Þ. Gíslason

Bretska heimsríkið er að ýmsu leyti merkasta heimsríki sögunnar, ekki einungis fyrir víðáttu sína, heldur fyrir það, hvernig það hefur myndast og hvernig það hefur starfað. Brestirnir í byggingu þess hafa þó orðið nokkuð berir á seinni árum og það hefur nú um skeið staðið á merkilegum tímamótum, máttarviðir þess hafa máske aldrei verið reyndir eins og nú og hættan á sundurliðum þess er yfirvofandi og ber margt til þess. Fjárhagsörðugleikarnir og ýmsar afleiðingar heimsstyrjaldarinnar og vaxandi sjálfsvitund nýlendanna eru nokkrar af þeim orsökum, sem þessu valda. Bretar gera samt margt til þess, að halda saman ríki sínu og tekst það sjálfsgagt enn um skeið, þótt nokkuð sje nú ríkjasambandið orðið með öðrum hætti en áður. Ottawaráðstefnan átti að vera tilraun til þess að koma á nánari samvinnu bretsku þjóðanna en áður og þótt erfiðlega horfði tókst að ná samkomulagi á ýmsum sviðum. En það samkomulag virðist ætla að draga mjög til sundurþykis heima í Englandi. Forvígismenn samkomulagsins, Baldwin og Neville Chamberlain, verða fyrir þungum árásum frjálslyndra manna og þeir ráðherrar þjóðstjórnarinnar, sem fylgja Sir Herbert Samuel, hafa sagt af sjer, ásamt honum. Stjórn MacDonaldaðs má nú í raun rjettri heita nokkurn vegin hrein íhaldsstjórn.

Bretar eiga í mörg horn að líta. Þyngstur er þeim róðurinn í Indlandi. Stjórnin og aðstoðarnefndir hennar, hafa lengi starfað að því að finna leið út úr ógöngunum, finna hæfilegt stjórnskipulag fyrir Indland. Það er ekki ennþá opinbert hvernig tillögur stjórnarinnar verða í einstökum atriðum, en einhverskonar sambandsríki mun eiga að

gera úr Indlandi. Hinsvegar er nú verið að koma á nýju kosningaskipulagi og hefur gengið í þófi. Kosningarnar eiga að fara fram eftir stjettum, en óánægja varð meðal Hindúa út af hlutföllunum milli stjettanna og einkum út af afstöðu lágstjettanna. Deilurnar um þetta urðu til þess, að Gandhi svelti sig í nokkura daga og hótaði að svelta sig til bana ef ekki næðist nýtt samkomulag. Það náðist og horfir nú nokkuru friðlegar í Indlandi.

Í Evrópu eru þýsku málín hvað athyglisverðust. Stjórn von Papens hefur rofið þingið og urðu út af því þingrofi miklar deilur, því að Nazistar og þingforsetinn, sem er úr þeirra flokki, töldu þingrofið ólöglegt. Enn er alt í óvissu um framtíð Þýskalands. Aðfarir von Papens og Sleichers hafa í svipinn að minsta kosti dregið framtak og hug úr Nazistum og miðflokksmönnum.

Afstaða Þjóðverja í alþjóðamálum dregur annars að sjer mesta athygli, eða kröfur þeirra um jafnrjetti í vígbúnaði og hafa staðið um þau mál allharðar deilur. Herriot hefur borið Þjóðverjum á brýn ófriðarhug, en þeir segjast þvert á móti vilja frið og afvopnun.

Afvopnunarráðstefnan gengur illa. Þar er sífelt þóf, en engin niðurstaða. Tillögur Hoovers og kröfur Þjóðverja eru sífelt ræddar, en samkomulag fæst ekki. Á engu er þjóðunum þó eins mikil þörf eins og á alvarlegri og rækilegri takmörkun vígbúnadárins og skynsamlegum friðarráðstöfunum. Vígbúnaðurinn er öllum til tjóns, hann er hættulegur framtíð menningarinnar og hann er altaf þungur baggi á þjóðunum fjárhagslega. Kreppan, sem allir kvarta um,

SKÝRSLUR
UM
NOKKRAR FRAMKVÆMDIR RÍKISINS
1927—1930




REYKJAVÍK — ATVINNUMÁLARÁÐUNEYTIÐ GAF ÚT — MCMXXXI

Bjarni Benediktsson

UNIVERSITÄT BERLIN



VORLESUNGSVERZEICHNIS SOMMERSEMESTER **1932**



HOLGER MOSBECH

Professor, Dr.theol,
Brönshöj Kirkevej 5
København-Brh.

Konkurrenzen
om et teologisk Docentur 1936 - '37.

-----o-----

A. Bedömmelse af de indleverede Afhandlinger.

1. Maret "Gestur Geirason". ^{X/} (289 S.)

Forf. begynder med en meget indgaaende Analyse af Opgaven, der udmunder i det rigtige Resultat, at der ved Kristendommens Karakteristika maa forstaas Kristendommens Kærnepunkter. Men den Forventning, man efter denne skarp-sindige Indledning maatte nære til en klar og tydelig disponeret Fremstilling, bliver i det følgende skuffet. Forf. raader over en let flydende Stil, der undertiden faar en ligefrem poetisk Kraft; han kan anvende smukke og træffende Billeder, og rund omkring i Værket forekommer utvivlsomt adskillige rigtige og gode Enkeltbemærkninger; en Paragraf som II.3 "Vi saa hans Herlighed" minder ofte mere om en Prædiken end om en videnskabelig Afhandling. Men paa den anden Side kan det næppe nægtes, at den Lethed, hvormed Forfatteren skriver, har været en Fare for ham. Der kommer ofte noget springende og usammenhængende over hans Fremstilling. Eksempelvis kan nævnes, at i I.1 om Jesu Forkyndelse gives først en Fremstilling af Jesu Budskabs Betydning for de fattige, derpaa følger nogle Ord om Jesu Lignelse og i det hele om hans Forkyndelses Form, dernæst kommer (S.22) en Omtale af det vigtige Spørgsmaal om Jesu Persons Betydning for hans Forkyndelse - i 12 Linier (:) - saa behandles Jesu Virksamhed i Galilæa, Spørgsmaalet om, hvorvidt han var en betydelig Personlighed, hans Forhold til Johannes Döber, eventuel græsk Tænkemaade i hans Forkyndelse, Autentien af de overleverede Jesusord og Jesu Forhold til det gamle Testamente. Og endnu værre er det, at Skildringens stærkt rhetoriske Præg ofte bevirket, at de egentlige Problemer enten fortunes eller ganske for-

t/b e. S E
Símkáskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skýrsla háskólakennara

um veitingu prófessorsembættis í lagadeild

Reykjavík 1936

Svar

við

skýrslu háskólakennara

um veitingu prófessorsembættis í lagadeild

REYKJAVÍK — 1936 — STEINDÓRSPRENT H.F.

Háskólinn og veitingarvaldið

Svar kennslumálaráðuneytisins

við skýrslu háskólakennara um veitingu prófessorsems-
bættis í lagadeild og setningarræðu háskólarektors

Reykjavík — Ríkisprentsmiðjan Gutenberg — 1936

Bjarni Benediktsson

Enn um háskólan og veitingarvaldið

Skýrsla kennslumálaráðuneytisins um
samkeppnipróf um dósentsembætti
í guðfræði og veiting embættisins

Reykjavík — Ríkisprentsmiðjan Gutenberg — 1937

HÁSKÓLINN
OG
KENNSLUMÁLARÁÐHERRANN

GEFIÐ ÚT AF HÁSKÓLARÁÐI

REYKJAVÍK — HERBERTSPRENT BANKASTRÆTI 3 — MCMXXXVIII

Prófessor Einar Arnórsson

U P P B O Ð O G U N D I R B O Ð.
= = = = = = = = = = = = = = = = = = =

Efnisyfirlit:

1.gr.	Hugtakið uppboð.....	bls. 1
2."	Uppboðshaldarar.....	" 2
3."	Uppboðshcimildin.....	" 3
4."	Uppboðsbciðnin og birting uppboðs.	" 5
5."	Uppboðsskilmálar.....	" 6
6."	Um virðingargerðir á soldum runum, oða runum sem eiga að seljast á uppboði.....	" 6
7."	Um sjálft uppboðið.....	" 7
8."	Pýðing hanarshöggs.....	" 8
9."	Um innheintu uppboðsandvirðis og afsal.....	" 10
10."	Sanbandið milli heirra, sem hafa rjettindi yfir hlut.....	" 11
11."	Um dómsvald uppboðshaldara.....	" 12
12."	Málaflutningur við uppboðsrjott...	" 14
13."	Um leiðir þær er standa þeim opnar sem þykjast vanhaldnir af uppboð- inu.....	" 15
14."	Um bætur fyrir órjettnæt uppboð...	" 16

Þjáðan í ethur I.

Pjáðarjellur II.